



Staða sögunnar í framhaldsskólum

Atli Már Sigmarsson og Bragi Guðmundsson

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Viðfangsefni greinarinnar er staða sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum og hvernig hún hefur breyst í kjölfar styttingar á námi til stúdentsprófs. Þó nokkur reynsla er komin á framkvæmdina en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum styttingarinnar á námsframboð, kennara og nemendur.

Rannsóknin sem sagt er frá er tvískipt. Fyrst er yfirlit um núverandi framboð í íslenskum framhaldsskólum á skylduáföngum í sögu. Tilgangur þess er að fá tilfinningu fyrir stöðu sögunnar sem skyldufags í framhaldsskólum. Skólar skiptast í tvo hópa, annars vegar þá sem hafa sögu sem skyldufag á öllum brautum og hins vegar þá sem geta útskrifað nemendur án þess að þeir hafi tekið nokkra sögu. Til að varpa frekara ljósi á niðurstöðurnar voru tekin viðtöl við fjóra sögukennara í fjórum íslenskum framhaldsskólum. Þau voru síðan greind með eigindlegum aðferðum.

Helstu niðurstöður eru að staða sögunnar hefur veikst verulega í kjölfar styttingar á námi til stúdentsprófs. Viðhorf viðmælenda til styttingar eru frekar neikvæð og vilja þrír af fjórum stíga skref til baka. Í um þriðjungi framhaldsskóla er saga ekki skyldugrein á öllum brautum og framboð á söguáföngum er mjög mismunandi. Viðtölin gefa ákveðnar vísbendingar um hvers vegna þessi munur er á milli skóla. Skólastjórnendur og skólahefð virðast skipta miklu máli og ýmislegt bendir til þess að sagan sé víða orðin valfag sem meðal annars tengist sérhæfingu brauta.

Efnisorð: Sögukennsla, stytting náms til stúdentsprófs, framhaldsskólar

Inngangur

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er staða sögukennslu í framhaldsskólum í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs. Fyrstu árgangar framhaldsskólanemenda hafa þegar verið útskrifaðir eftir styttingu námsins og nokkur reynsla komin á framkvæmdina. Líklegt má telja að einhverjar greinar hafi lent undir við samþjöppun náms samfara óhjákvæmilegri endurskoðun námskráa. Í því samhengi er freistandi að kanna áhrif breytinganna á rótgróna námsgrein eins og sögu. Þessi grein byggir á meistararitgerð Atla Márs við Háskólann á Akureyri vorið 2019 (Atli Már Sigmarsson, 2019). Kveikjan kom þegar hann fór í vettvangsnám í framhaldsskóla haustið 2017. Sá framhaldsskóli var þá tiltölulega nýbyrjaður að starfa eftir nýrri námskrá. Í ljós kom að engir söguáfangar voru kenndir þá haustönn og vakti það mikla forvitni um stöðu sögunnar í fleiri framhaldsskólum. Áhrif styttingar á nám til stúdentsprófs, hvort heldur það eru áhrif á einstakar námsgreinar eða námið í heild sinni, hafa lítið verið rannsökuð fram að þessu og er þessi rannsókn framlag í þá átt.

Takmarkaðar rannsóknir eru til um sögukennslu á framhaldsskólastigi á Íslandi. Einnig er tilf- innanlegur skortur á þeim í kjölfar styttingar á námi. Fyrst ber þó að nefna doktorsritgerð Jóns Árna Friðjónssonar (2013) um sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum. Kolbrún Soffía Arn- finnsdóttir (2016) gerði rannsókn á sögukennslu sem tekur til landsvæða utan Evrópu í íslenskum framhaldsskólum og Ragnar Logi Búason (2019) gerði úttekt á innihaldi nokkurra kennslubóka í sögu. Margrét Gestsdóttir (Súsanna Margrét Gestsdóttir, 2013) hefur fjallað um breytingar sem urðu á sögukennslu með nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla árið 1999 og loks má nefna grein- ingu Rúnars Más Þráinssonar (2015) á kennsluáferðum í sögu í framhaldsskólum, en hluti af rannsókn hans var að kanna viðhorf sögukennara til stöðu sögunnar á því skólastigi. Í þessum rannsóknum er þó ekki fjallað um sögukennslu í kjölfar styttingar á námi og því er ætlunin að þessi rannsókn geti verið innlegg í þá umræðu.

Meginrannsóknarspurningin er: „Hver er staða sögunnar í framhaldsskólum í kjölfar styttingar?“ Þessi spurning er mjög víðtæk og því var ákveðið að setja fram nokkrar undirspurningar. Sú fyrsta er: „Hvert er námsframboðið í sögu í íslenskum framhaldsskólum um þessar mundir?“ Þeirri spurningu er svarað með samantekt úr námsbrautarlýsingum framhaldsskóla á skólaárinu 2018–2019. Í framhaldi var ákveðið að spyrja: „Hvert er viðhorf sögukennara til breytinganna og áhrifa þeirra á sögukennslu?“, „Af hverju telja sögukennarar að sumir skólar ákveði að hafa sögu sem skyldufag en aðrir ekki?“ og hvort sagan sé „[...] að breytast í valfag í framhaldsskól- um?“ Til að svara þessum þremur spurningum var gerð eigindleg viðtalsrannsókn meðal fjögurra sögukennara í jafnmörgum framhaldsskólum á landsbyggðinni. Þess ber að geta að slíkt úrtak gefur aðeins vísbendingar en er að sjálfsgöðu of lítið til að draga ályktanir um skoðanir stéttar sögukennara í heild sinni.

Stytting náms til stúdentsprófs

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra ákvað í mars 1992 að skipa nefnd til að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla. Nefndin birti lokaskýrslu árið 1994 um áherslur sínar í mennta- málum. Skýrsluhöfundar lögðu mikla áherslu á vanda framhaldsskólanna og breyttar kröfur til þeirra. Nefndin taldi þurfa að endurskoða námsframboð framhaldsskóla frá grunni í þeim tilgangi að miða námið „við þarfir einstaklingsins, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild“ (Menntamála- ráðuneytið, 1994, bls. 48). Ein af áherslum nefndarinnar var að lengja starfstíma skólanna í tíu mánuði. Rökin sem nefnd voru fyrir því voru að breyttir lífshættir þjóðarinnar ásamt breyting- um í atvinnulífi krefðust þess að auka skólaveru barna og unglunga (bls. 15). Nefndin taldi að líta þyrfti á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild og ef nemendur annarra þjóða fengju nægan undirbúning til háskólanáms við átján eða nítján ára aldur væri full ástæða fyrir Íslendinga að endurskoða eigin stefnu (bls. 18).

Nefndin lagði til ákveðnar breytingar á uppbyggingu námsbrauta í framhaldsskólum. Ein stærsta breytingin var sú að skipta námsbrautum upp í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Samræming og áherslur í innihaldi yrðu ákvarðaðar í aðalnámskrá en námsgreinar á stúdentsbrautum áttu jafnframt að vera í samræmi við lokamarkmið brauta og í samhengi við annað nám. Nefndin gerði ráð fyrir því að lengd námsbrauta væri mismunandi en eðlilegur námstími til stúdentsprófs yrði þrjú ár (Menntamálaráðuneytið, 1994, bls. 58–59). Jón Árni Friðjónsson fjallar um þá gagn- rýni nefndarinnar að of mikið brotthvarf sé frá námi, of mikil áhersla sé lögð á hefðbundið bók- nám og að auka þurfi framboð á verknámi og starfsmenntun. Að mati Jóns Árna taldi nefndin að fjöldi og fjölbreytileiki bóknámsbrauta hefðu valdið „e.k. offramboði eða ofvexti í bóklegu námi“ og þannig hefðu verknámsbrautir orðið útundan. Þetta verði ekki skilið öðru vísi en svo að „nefndin hafi talið vaxandi sókn nemenda í bóklegt nám stafa af sjálfu skipulagi skólanna“ eða að aðgengi að þeim hafi einfaldlega verið of auðvelt (Jón Árni Friðjónsson, 2013, bls. 346).

Umræður um styttingu náms til stúdentsprófs héldu áfram á næstu árum og Menntamálaráðu- neytið stóð fyrir lokuðu málþingi um styttinguna þar sem málið var rætt frá ýmsum hliðum.

Skýrsla kom svo út í ágúst 2003 þar sem settar voru fram hugmyndir um námsskipan í þriggja ára námi (Menntamálaráðuneytið, 2003, bls. 8). Megin tillögur verkefnisstjórnar ráðherra voru að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár. Stjórnin mat það svo að mikilvægt væri að fara eins einfalda leið og hægt væri og breyta eingöngu skipulagi framhaldsskólans, með því að „stuðla að nauðsynlegri hæfni og þekkingu á skemmri tíma“ með lágmarkstillbreytingu og kostnaði (bls. 21–22). Nokkuð ljóst var að einhver samþjöppun þyrfti að eiga sér stað í námskrám framhaldsskólanna við þessar breytingar. Verkefnisstjórnin gerði tillögur um hlutfall námsgreina í uppbyggingu námsins en miðaði einungis við þær kennslustundir sem væru til ráðstöfunar í náminu, en ekki innihald kennslunnar. Hún taldi nauðsynlegt að huga vandlega að því hvernig námstíminn yrði stytur þar sem inntak námsins og námsmarkmið þyrftu að vera í fararbroddi með það að markmiði að tryggja nemendum nauðsynlegan undirbúning fyrir nám á háskólastigi (bls. 25).

Með lögum um framhaldsskóla árið 2008 urðu verulegar breytingar á uppbyggingu námsbrauta og ný *Aðalnámskrá framhaldsskóla* kom út árið 2011. Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson könnuðu viðhorf reyndra framhaldsskólakennara til þeirrar námskrár og viðhorf viðmælenda voru yfirleitt jákvæð. Helstu áhyggjur sem komu fram sneru að innleiðingarferli námskrárinnar og voru margir óvissir um skilgreiningar á nýjum hugtökum. Aðrir kennarar sögðu að grunnþættir aðalnámskrár væru „þegar gegnumgangandi í kennslu þeirra og þau þyrftu því ekki að breyta miklu“. Viðhorfin voru þó margvísleg þar sem „sum fólu í sér miklar væntingar“ en „önnur áhyggjur vegna óvissu um framtíð skólanna“ (Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013, bls. 10–11).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf síðan út *Hvítbók um umbætur í menntun* árið 2014. Þar komu fram markmið um að fjölga nemendum sem útskrifuðust á réttum tíma úr framhaldsskólum. Í kafla um markmið námsframvindu var talið að hægt væri að endurskipuleggja og stytta nám til stúdentsprófs í þrjú ár. Tekin voru dæmi frá tveimur skólum sem buðu þá þegar upp á þriggja ára námsbrautir, Kvennaskólanum og Menntaskóla Borgarfjarðar. Þar hafði stór hluti nemenda kosið að ljúka námi á tilsettum tíma, eða 70% nemenda í Kvennaskólanum og 57% í Borgarfirði. Báðir skólarnir höfðu lengt skólaárið, endurskoðað námsmat og námsbrautir og gert almenna gangskör að betri nýtingu skólatímans. Hvítbókin sagði árangur þessara skóla benda til þess að hægt væri að endurskoða uppbyggingu námsbrauta og námstíma á ólíkum brautum og bæta með því námsframvindu nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 32–33).

Framhaldsskólar hófu almennt að kenna eftir þriggja ára námskrá haustið 2015 og því voru margir árgangar nemenda sem útskrifuðust eftir þriggja ára nám vorið 2018. Vert er að benda á úttekt sem Verzlunarskóli Íslands gerði á styttingu námstímans og áhrifum hennar á skólastarf. Stjórnendur töldu ljóst frá upphafi að eitthvert námsefni yrði að skera niður en þó „voru nokkur lykilatríði sem hjálpuðu til við að styttingin væri yfirhöfuð framkvæmanleg“. Eitt þeirra var aukid símat kennara og fækkun eða minnkað vægi lokaprófa. Annað veigamikilið atriði var að gert var ráð fyrir að grunnáfangar í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku væru komnir í grunnskólan og því hægt að taka tólf einingar af náminu (Verzlunarskóli Íslands, 2018, bls. 3).

Vorið 2018 var einnig sérstakt að því leyti að þá brautskráðust saman fyrsti árgangur í þriggja ára námi og síðasti árgangur í fjögurra ára námi. Skýrsluhöfundar Verzlunarskólans sögðu menntayfirlönd ekki hafa haft „hug á að nýta tækifærið og gera úttekt á þriggja ára náminu nú þegar þessir tveir árgangar útskrifuðust á sama tíma“ en þessi tímamunktur hefði verið „kjörrið tækifæri á að gera samanburð á þessum tveimur hópum“. Úttekt Verzlunarskólans fól meðal annars í sér samræmd próf sem voru lögð fyrir báða nemendahópina í íslensku, spurningakönnun og rýnihópaviðtöl við bæði nemendur og kennara (Verzlunarskóli Íslands, 2018, bls. 6). Niðurstöður prófanna voru þær að samanburður á einkunnum benti „sterklega til þess að stytting námstíma til stúdentsprófs hefði lítil sem engin áhrif á getu nemenda til þess að tileinka sér það efni sem lagt er til grundvallar í undirstöðugreinunum stærðfræði og íslensku“ (bls. 10).

Skýrsluhöfundar töldu að niðurstöður bentu til þess að styttingin hefði tekist vel. Þó væru nokkur atriði sem þyrfti að laga og meðal annars að koma til móts við athugasemdir nemenda um að þeir hefðu minni tíma fyrir félagslíf í þriggja ára náminu. Álag á kennara jókst samhliða auknu símati en misjafnar skoðanir voru varðandi símat meðal kennara og nemenda (Verzlunarskóli Íslands, 2018, bls. 14). Úttekt Verzlunarskólans er greinargóð og vel unnin en vert er að hafa í huga að skólinn gerir stífar innritunarkröfur til nýnema. Því má ætla að gott námsfólk sem á auðvelt með að standa sig vel í námi sé uppistaðan í nemendahópi skólans, sama hvert námsskipulagið er. Þar með er hæpið að yfirfæra niðurstöður úttektar hans á alla aðra framhaldsskóla og nemendur þeirra.

Sagan í námskrám framhaldsskóla

Lög um framhaldsskóla tóku gildi árið 1988 og árið 1990 kom út endurbætt námskrá sem gildi jafnt um skóla sem kenndu eftir áfanga- og bekkjarkerfi. Í *Námskrá handa framhaldsskólum* (Menntamálaráðuneytið, 1990) var saga skyldufag á öllum bóknámsbrautum og um markmið sögunáms segir meðal annars að þar sé „stefnt að fjölbreyttum markmiðum í senn“ og þeim skipt í annars vegar þjálfunarmarkmið og hins vegar þekkingar- og skilningsmarkmið. Mikil áhersla er lögð á heimildaleit og mat á heimildum, en nemendur áttu einnig að „kynnast uppruna nútímapjóðfélags, hagkerfa þess, stofnana, hugtaka og hugmynda“ (bls. 308). Allar brautir voru með sameiginlegan fimm eininga kjarna en félagsfræðibraut skar sig úr með tólf skyldueiningar í sögu (bls. 309). Aðaláherslan í námskránni frá 1990 var á Íslandssögu. Allir nemendur þurftu að ljúka tilskildum skylduáföngum og ekki var mikil áhersla lögð á mannkynssögu. Jón Árne Friðjónsson telur stöðu sögunnar ekki sérlega sterka eftir breytingarnar; hún hafi „allgott svigrúm á félagsfræðibrautum“ en á flestum öðrum brautum þurftu nemendur aðeins fimm einingar. Hér ber þó að taka fram að Jón Árne segir að flestir skólar hafi gert ráð fyrir sjö einingum í námsvísium og miðar hann við þann rauneiningafjölda í sögukennslu (Jón Árne Friðjónsson, 2013, bls. 216).

Eins og áður hefur verið minnst á skiptust námsbrautir í brautarkjarna, kjörsvið og val með aðalnámskránni 1999. Þá voru áfangar ein til þrjár einingar að stærð og nemendur þurftu 140 einingar til að ljúka stúdentsprófi. Námi í kjarna var 98 einingar og var mjög svipað milli námsbrauta. Nemendur völdu svo 30 einingar af kjörsviði ákveðinnar brautar og loks var frjálst val hluti af náminu (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 20–22). Sagan var skyldufag og sagt að hún hefði „almennt menntunargildi þar sem til hennar er vísað í daglegu lífi“. Einnig að „söguleg þekking og innsæi getur dýpkað skilning og aukið vísýni og lífsnautn í mannlegu félagi“ (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 75).

Með þessari aðalnámskrá var öllum nemendum á náttúrufræðibraut og málabraut skylt að taka sex einingar í sögu í kjarna en nemendur á félagsfræðibraut þurftu að ljúka níu sögueiningum í sínum kjarna (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 22). Í þessu fólst nokkur niðurskurður á skylduáföngum og mætti hann töluverðri andspyrnu frá sögukennurum. Skömmu fyrir júl 1998 héldu nokkrir þeirra á fund með menntamálaráðherra og ræddu meðal annars um stóraukna sérhæfingu námsbrauta. Ráðherra benti á góða stöðu sögunnar á félagsfræðibraut sem og frjálst val þar sem nemendur gætu valið sér hvaða áfanga sem væri. Valfrelsi nemenda var því mikilvægur þáttur í nýrri námskrá (Margrét Gestsdóttir, 2001, bls. 147–148). Ljóst var að eitthvað þurfti undan að láta og skyldueiningum í sögu fækkaði frá því sem víðast var. Hörð skoðanaskipti urðu í kjölfarið. Sagnfræðingurinn og sögukennarinn Margrét Gestsdóttir segir að þarna hafi tvímælaust verið dregið úr sögukennslu (Margrét Gestsdóttir, 2001, bls. 137):

Sagan hefur nú fengið það hlutskipti að vera aðeins lítill hluti af almennu námi allra bóknámsnemenda, í námskránni er fremur litið á hana sem nokkurs konar „sérgræin“ sem eigi einkum erindi til þeirra sem ætla að sérhæfa sig í samfélagsfræðum.

Atli Harðarson (2012) rannsakaði breytingar sem urðu í kjölfar aðalnámskrárinnar 1999 og segir að skyldunám í sögu hafi minnkað. Einnig hafi orðið ákveðnar breytingar á innihaldi náms-

ins þar sem Íslandssaga var ekki lengur kennd sérstaklega heldur var hún samþætt mannkynsögu. Sögukennarar sem hann ræddi við voru almennt fylgjandi þessari breytingu en þó voru nokkrir sem skautuðu fram hjá Íslandssögu og töldu mannkynssögu aðalviðfangsefnið. Atli ræddi breytingarnar við marga kennara og segir að bekkjarskólar hafi bætt fyrir minnkunina að einhverju leyti með því að binda viðbótaráfanga á einstaka brautir. Kennarar voru einnig misjafnlega sáttir við kjörsviðsfyrirkomulagið og töldu að of litla sögu væri að finna utan félagsfræðibrautar.

Árið 2008 urðu töluverðar breytingar á námskrám framhaldsskóla. Sérhver skóli átti að gera skólanámskrá sem skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar sem átti að byggja upp í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár og skólanámskrá. Námsbrautarlýsingar áttu jafnframt að innihalda upplýsingar um innihald og vægi áfanga í einstökum greinum, samhengi í námi, vægi allra námsþátta og lokamarkmið námsins (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 22. og 23. grein).

Með *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011* færðist aukin ábyrgð á námskráargerð til framhaldsskóla, þar sem „þeim er nú falið að gera tillögur um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms í samræmi við reglur og viðmið um gerð námsbrautarlýsinga“. Þetta átti að gefa framhaldsskólum aukid umboð til að byggja upp nám sem tæki mið af sérstöðu skóla, þörfum nemenda, nærsamfélags og atvinnulífs (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 7). Í kjölfarið urðu miklar breytingar á uppbyggingu námsbrauta þar sem öll vinna nemenda skyldi metin í stöðluðum námseiningum. Hugtakið framhaldsskólaeining (feining) var tekið upp og það skilgreint á þann veg að hver feining samsvaraði 18–24 klukkustunda vinnu meðalnemanda. Heildareiningafjöldi námsins breyttist líka þannig að fullt nám gaf nemendum 60 feiningar á skólaári (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 50). Nám til stúdentsprófs átti að verða um 200 feiningar og átti að vera unnt að ljúka því á þremur árum.

Námsbrautir átti að byggja þannig upp að námsáfangar dreifðust á mismunandi hæfniprep. Sú krafa var höfð breytileg „til að gefa skólum og nemendum möguleika á að skipuleggja námið með mismunandi mikilli sérhæfingu“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 54–56). Aðalnámskrá tiltók þrjár greinar sem kjarnagreinar framhaldsskóla; íslensku, stærðfræði og ensku. Þannig áttu stúdentsbrautir að innihalda samtals 45 feiningar að lágmarki í þessum þremur námsgreinum (bls. 53). Að öðru leyti höfðu framhaldsskólar nokkuð frjálstar hendur þegar kom að gerð námsbrauta og voru ekki eins bundnir og áður.

Eitt af því sem einkenndi þessa nýju aðalnámskrá var að hún byggði á sex skilgreindum grunnþáttum menntunar sem voru sameiginlegir fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig. Markmið þeirra er að unnið sé „að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 14). Grunnþættirnir áttu, ásamt lykilhæfni, að mynda viðmið um hæfni nemenda þegar þeir lykju námi (bls. 31). Atli Harðarson telur að með aðalnámskránni hafi verið reynt að „kerfisbinda framhaldsskóla meira en áður“ þar sem starfið skyldi skipulagt út frá lokamarkmiðum námsins og getu nemenda að námi loknu (Atli Harðarson, 2012, bls. 72–73). Gert sé ráð fyrir því að markmiðin séu ákveðin fyrst og síðan er leitt af þeim hvað skuli kennt (bls. 84).

Ekki er hægt að segja að fyrirmæli um sögukennslu í nýrri námskrá séu mjög ljós. Menntamálaráðuneytið gaf út eina dæmabraut árið 2015 sem viðmið fyrir stúdentspróf á bóknámsbraut á hæfniprepi 3. Dæmabrautin gerði ráð fyrir einum áfanga í sögu og var það áfangi í mannkynsögu til 1800 (Menntamálastofnun, 2019) sem var töluvert minna en áður. Afleiðingin varð sú að töluvert var dregið úr sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum. Jón Árni Friðjónsson segir að sagan sem námsgrein hafi verið komin í vanda þegar á síðari hluta 20. aldar og oftast en ekki hafi þurft að réttlæta gildi þess að kenna hana í íslenskum skólum. Sumum hafi fundist sem ekki þyrfti að kenna hana í „góðæri frjálshyggjunnar“ og menntamálaráðherra segði að kennslubækurnar „væru hvort sem er áróðursrit“ (Jón Árni Friðjónsson, 2013, bls. 27–28). Jón Árni telur jafnframt að á þessum tíma hafi orðið breytingar í framhaldsskólum sem einkenndust af vaxandi einstaklings- og markaðshyggju. Staða sögunnar hafi veikt þar sem hún þurfti sífellt að keppa við aðrar

greinar um athygli og vinsældir (bls. 355). Margrét Gestsdóttir segir að yfirvöld menntamála hafi með aðalnámskrá árið 1999 „horfið frá því viðhorfi að sagan sé almenn grein, sjálfsagður hluti af almennri menntun og þekkingu“ en í staðinn „litið svo á að saga sé sérgrein sem eigi lítið erindi til þorra nemenda“ (Margrét Gestsdóttir, 2001, bls. 165).

Söguframboð í íslenskum framhaldsskólum 2018–2019

Í þessum kafla verður sjónum beint að framboði á skylduáföngum í sögu eins og það var veturinn 2018–2019. Gefið verður heildstætt yfirlit um námsframboðið í öllum framhaldsskólum, skólarnir bornir saman á nokkra vegu og reynt að finna einhverjar línur. Við gagnaöflun var fyrst og fremst stuðst við heimasíður skólanna og vef Menntamálastofnunar um staðfestar námsbrautarlýsingar. Margir skólar bjóða upp á nám til stúdentsprófs og því þarf að skilgreina nákvæmlega hvaða skóla er rétt að skoða. Að vel ígrunduðu máli var ákveðið að setja það sem skilyrði að námsbrautirnar væru kenndar að mestu leyti í heild sinni í skólunum (viðbótarnám til stúdentsprófs er þar undanskilið) og að þær væru að lágmarki 200 framhaldsskólaeiningar. Þeir skólar sem uppfylla þessu skilyrði eru 31 og ákveðið var að skipta þeim eftir landshlutum til frekari samanburðar. Við tölulega framsetningu niðurstaðna eru skammstafanir á heitum skólanna látnar nægja. Þær, heildarheiti skólanna og landfræðileg skipting þeirra eru í töflu 1.

Tafla 1. Framhaldsskólar á Íslandi.

Höfuðborgarsvæðið

Borgarholtsskóli (Borgó)
 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB)
 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG)
 Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ)
 Flensborgarskólinn í Hafnarfirði (Flensborg)
 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS)
 Kvennaskólinn í Reykjavík (Kvennó)
 Menntaskóli í tónlist (MÍT)
 Menntaskólinn í Kópavogi (MK)
 Menntaskólinn í Reykjavík (MR)
 Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH)
 Menntaskólinn við Sund (MS)
 Tækniskólinn (Tskóli)
 Verzlunarskóli Íslands (Versló)

Norðurland

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV)
 Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH)
 Framhaldsskólinn á Laugum (Laugar)
 Menntaskólinn á Akureyri (MA)
 Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR)
 Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA)

Vesturland

Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN)
 Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA)
 Menntaskóli Borgarfjarðar (MB)
 Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ)

Austurland

Fjölbrautaskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS)
 Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME)
 Verkmenntaskóli Austurlands (VA)

Suðurland

Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSU)
 Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FSS)
 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (FÍV)
 Menntaskólinn að Laugarvatni (ML)

Skilgreining á söguáföngum í framhaldsskólum er oftast nokkuð augljós en þó eru nokkrir sér-sniðnir söguáfangar kenndir á sérhæfðum brautum, svo sem listnámsbrautum, og var ákveðið að hafa þá með í samantektinni. Hitt er annað að sumir skólar hafa búið til þverfaglega áfanga og líklega er einhverja sögu að finna í sumum þeirra. Það er hins vegar ekki ljóst hversu mikil saga er í þessum áföngum í hverjum skóla fyrir sig, auk þess sem áfangarnir eru mismunandi stórir og námslýsingar oft víðtækar. Því var ákveðið að hafa þá ekki með í þessari samantekt.

Landshlutar

Staða sögunnar hefur veikt á landsvísu þar sem skylduáfangar í sögu eru á öllum námsbrautum í aðeins níttján af 31 skóla, samanborið við fyrri námskrá þar sem saga var kjarnafag á öllum stúdentsbrautum. Algengasta gildið í skólunum eru 10 feiningar en breiddin er mikil milli brauta, allt frá 0 feiningum upp í 25 feiningar. Þessi breidd kemur vel fram í töflu 2. Ef litið er sérstaklega til skóla sem bjóða námsbrautir án skylduáfanga í sögu sést að það sem einkennir flesta þeirra er að þeir skylda aðeins nemendur á einni braut til að taka söguáfanga en nemendur geta útskrifast af öllum öðrum brautum án þess að taka einn einasta áfanga í sögu.

Tafla 2. Allt landið – Skyldueiningar eftir sérhæfingu brauta.

Allt landið - Skyldueiningar eftir sérhæfingu brauta							
	Félagsv.	Náttúuv.	Tungumál	Opnar	Vískafræði og tölvur	Nýsköpun og listir	Þróttir
Borgó	15	10			10		
FAS	5	0		0			
FÁ	15	10			10		10
FB	10-15	10		10	10		6
FG	15	5	15		10	5-20	10
FÍV	10	5		5			
Flensborg	10	0		0	0		
FMOS	5	0		0			
FNV	20	10		10			5-10
FSH	25	10		10			10
FSN	5	5		5			
FSS	5	5		0	0	0-20	0
FSU	5	5	5	5	5		5
FVA	15	5		5			
Kvennó	10-15	10					
Laugar	10	0		0			0
MA	15	5	10	0			
MB	17	0		0			0
ME	10	10	10			25	
MH	15	5	5	5		5-10	
MÍ	10	5		5			
MÍT						12	
MK	15	0		0	0		
ML	15	8					
MR		16	21				
MS	10-25	5					
MTR	5	0		0		0	0
Tskóli		0			0	0	
VA	10	0		0		0	
Versló		10	15		10	15	
VMA	10	0		0	0	15-20	0

Í ljós kemur að náms- og kennslugreinin saga á töluvert meira undir högg að sækja á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu bjóða fjórir af fjórtán skólum upp á námsbrautir án skylduáfanga. Allir þessir skólar eru aðeins með sögu sem skyldufag á einni braut nema Tækniskólinn sem er ekki með sögu sem skyldufag á neinni braut (tafla 3). Því eru skólar með sögu sem skyldufag á öllum brautum í meirihluta.

Tafla 3. Höfuðborgarsvæðið – Skyldueiningar eftir brautum.

Höfuðborgarsvæðið - Skyldueiningar eftir brautum														
	Borgó	FÁ	FB	FG	Flensborg	FMOS	Kvennó	MK	MH	MS	MR	MÍT	Tskóli	Versló
Alþjóða/málabraut				15					5		21			15
Félagsvísindabraut	15	15	10	15	10	5	15	15	15					
Félagsv. braut- saga										25				
Félagsv. braut - hagfræði										10				
Hugvísindabraut		15	15				10							
Hönnunar- og markaðsbraut				10										
Hönnunar- og nýsköpunarbraut													0	
Íþróttabraut		10	6	10										
Listdansbraut									10					
Listnmsbr. Myndlistasvið				20										
Listnmsbr. Fata og textílh.				5										
Listnmsbr. Leiklistarsvið				10										
Náttúruvísindabraut	10	10	10	5	0	0	10	0	5	5	16		0	10
Nýsköpunar- og listabraut														15
Opin braut			10	0	0		0		5					
Tónlistarbraut									5			12		
Tölvubraut			10										0	
Viðskiptabraut	10	10		10	0			0						10

Ef landsbyggðin er skoðuð birtist önnur mynd. Af þeim sautján framhaldsskólum sem eru á landsbyggðinni eru átta skólar sem eru ekki með skylduáfangi í sögu á öllum brautum. Mun fleiri skólar eru án skyldusögu á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það er hins vegar áhugavert að staða sögunnar virðist missterk eftir landshlutum og því er ekki hægt að alhæfa um landsbyggðina sem eina heild. Á Vesturlandi og Suðurlandi eru fjórir framhaldsskólar í hvorum landshluta og á Vesturlandi er sagan skylda í öllum skólum nema Menntaskóla Borgarfjarðar (tafla 4) og á Suðurlandi er hún skyldufag í öllum skólum nema Fjölbrautaskóla Suðurnesja (tafla 5) sem hér er talinn til Suðurlands þótt það stangist að mörgu leyti á við almenna venju.

Tafla 4. Vesturland – Skyldueiningar eftir brautum.

	FSN	FVA	MB	MÍ
Félagsvísindabraut	5	15	17	10
Náttúruvísindabraut	5	5	0	5
Opin braut	5	5	0	5
Íþróttfræðibraut - félagsgreinasvið			0	

Tafla 5. Suðurland – Skyldueiningar eftir brautum.

	FIV	FSS	FSU	ML
Alþjóðabraut			5	
Félagsvísindabraut	10	5	5	15
Íþróttabraut		0	5	
Listnámsbraut - myndlistarlína		20		
Listnámsbraut - textíllína		0		
Náttúruvísindabraut	5	5	5	8
Opin braut	5	0	5	
Tölvubraut		0		
Viðskipta- og hagfræðibraut			5	

Athyglisvert er að skoða Norðurland og Austurland. Á Norðurlandi eru sex skólar og tveir þeirra

hafa skylduáfangi í sögu á öllum brautum. Menntaskólinn á Akureyri er með nokkra sérstöðu þar sem hann er með sérstaka skylduáfangi í sögu á öllum brautum nema opinna braut (tafla 6). Á Austurlandi er aðeins einn skóli með skylduáfangi í sögu á öllum brautum og er það Menntaskólinn á Egilsstöðum. Í Verkmenntaskóla Austurlands og Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er saga einungis skyldufag á einni braut í hvorum skóla (tafla 7).

Tafla 6. Norðurland – Skyldueiningar eftir brautum.

	FNV	FSH	Laugar	MA	MT	VMA
Félagsvísindabraut	20	25	10	15	5	10
Opin braut	10	10	0	0	0	0
Hestabraut	5					
Íþróttabraut	10		0		0	0
Náttúruvísindabraut	10	10	0	5	0	0
Listabraut					0	
Málabraut				10		
Listnáms- og hönnunarbraut, myndlistarlína						20
Listnáms- og hönnunarbraut, textíllína						15
Viðskipta- og hagfræðibraut						0

Tafla 7. Austurland – Skyldueiningar eftir brautum.

	FAS	ME	VA
Félagsvísindabraut	5	10	10
Náttúruvísindabraut	0	10	0
Nýsköpunar- og tækniabraut			0
Opin braut	0		0
Listnámsbraut		25	
Málabraut		10	

Niðurstöðurnar í heild sinni veita drjúgar upplýsingar um mismunandi stöðu sögunnar eftir landshlutum. Hún er um það bil jafnstær á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi en virðist standa sterkast á Suðurlandi. Talsvert minni skyldusaga er kennd í framhaldsskólum á Norður- og Austurlandi.

Hér skal minnt á að þetta er ekki úttekt á söguframboði eftir nemendafjölda skóla. Þó getur þetta gefið ákveðnar vísbendingar um að stórir skólar eigi auðveldara með að hafa fleiri skylduáfangi í sögu en minni skólar, meðal annars vegna sérhæfingar innan kennarahópsins, og skýrir það mögulega sterka stöðu greinarinnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem meirihluti nemenda sækir nám. Auðvelt er samt að benda á lítinn skóla á landsbyggðinni, Framhaldsskólann á Húsavík, þar sem sagan virðist sterk.

Námsbrautir

Með nýrri námskrá gafst skólum kostur á að hafa fleiri námsbrautir en áður til að mæta ólíkum þörfum nemendahópsins. Við yfirferð kemur í ljós að vinsældir félags- og hugvísindabrauta og náttúruvísindabrauta haldast enn þá miklar. Þær eru einnig langfjölmennastar og er að finna í flestum skólanna. Ef byrjað er á að skoða félags- og hugvísindabrautir sést að saga er skyldufag í öllum skólum sem bjóða upp á slíkar brautir. Fjöldi skylduféininga er þó mjög mismunandi eða allt frá 5 upp í 25 en algengast er að fjöldi skylduféininga sé 10–15. Staða sögunnar á náttúruvísindabraut hefur veikt töluvert frá því sem áður var því hún er nú skyldunámsgrein á 20 af 30

brautum. Á um helmingi þessara brauta er hún mjög lítill hluti námsins eða einungis 5 feiningar. Öðru máli gegnir um alþjóða- og málabrautir því saga er skyldunámsgrein á þeim öllum. Sjö skólar bjóða þess konar nám og Menntaskólinn í Reykjavík er á toppnum með 21 feiningu í skyldu.

Ef bornar eru saman brautir sem sérhæfa sig í hönnun, nýsköpun og listum er staða sögunnar þokkaleg. Af fjórtán brautum hafa ellefu skylduáfanga í sögu en þrjár eru án þeirra. Tveir skólar eru í samstarfi um bóklega áfanga og tónlistaráfanga, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Menntaskóli í tónlist. Menntaskóli í tónlist er mjög sérhæfður skóli með fáar hefðbundnar kennslugreinar en á báðum stúdentsbrautum eru 12 feiningar í tónlistarsögu. Ástæðuna fyrir mikilli áherslu á sögu á listnámsbrautum má að mestu rekja til sérhæfingar brautanna. Hluti hennar felst í mikilli kennslu í listasögu og þannig verður söguáherslan rík á þessum brautum. Af því má ætla að nemendur þeirra öðlist drjúga söguþekkingu, a.m.k. hvað varðar þeirra fag. Nokkrir skólar bjóða upp á brautir með viðskipta- eða hagfræðisérhæfingu og þrír eru með sérhæfðar tölvubrautir. Sagan er skyldufag á sex þessara brauta. Ellefu skólar bjóða upp á sérhæfðar íþróttabrautir og er saga skyldufag í sex þeirra.

Með nýrri námskrá urðu svokallaðar opnar brautir (kjörnámsbrautir, fjölgreinabrautir) vinsælar. Segja má að tilgangurinn með þeim sé að bjóða nemendum upp á að sérsníða námið að sínum þörfum og áhugasviði. Þá er sem minnst af skylduáföngum en þeim mun meira val sem oftast fer fram í samráði við námsráðgjafa því það þarf að uppfylla lágmarkskröfur um fjölda áfanga á viðkomandi hæfniprepum. Rannsóknin leiðir í ljós að opnar námsbrautir eru í boði í tuttugu framhaldsskólum. Af þeim er rétt innan við helmingur með skylduáfanga í sögu eða níu talsins. Raunveruleg staða sögunnar á opnum námsbrautum ræðst þar með fyrst og fremst af frjálsu vali nemenda innan hvers skóla fyrir sig.

Samantekt

Þær tölur sem hér hafa komið fram bera með sér að staða sögu sem skyldufags í framhaldsskólum hafi veikt verulega með nýrri námskrá og styttingu náms til stúdentsprófs. Einnig er ljóst að staða námsgreinarinnar er mjög misjöfn á milli skóla og námsbrauta og þar með vakna ákveðnar spurningar. Hvernig og á hvaða forsendum ákveða skólar að sumir nemendur þurfi sögukennslu en aðrir ekki nema þeir velji hana sérstaklega? Hvaða áhrif hafa breytingar á námskrá og stytting náms til stúdentsprófs haft á starf sögukennara og hver eru viðhorf þeirra til þessara breytinga? Er námsgreinin saga e.t.v. að breytast að mestu eða alveg í valfag í framhaldsskólum? Þessum spurningum verður reynt að svara hér á eftir.

Viðtalsrannsókn

Algengt er að menntarannsóknir séu annaðhvort unnar með eigindlegum eða megindelegum aðferðum. Valið milli þeirra þarf fyrst og fremst að stjórna af þeim markmiðum sem stefnt er að (Creswell, 2019, bls. 11). Kaflinn hér á undan kynnir niðurstöður megindelegrar rannsóknar en til þess að svara þeim spurningum sem hann endar á hentar betur að leita svara um viðhorf sögukennara með eigindlegum aðferðum.

Við val á viðmælendum var stuðst við hentugleikaúrtak. Hentugleikaúrtak er notað þegar einstaklingar eru valdir í úrtak sem auðvelt er að ná til (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003, bls. 62). Vert er að benda á að stór hluti sögukennara er karlkyns og að þessu sinni reyndist því miður ekki mögulegt að láta kynjafyriræði ráða för þótt það væri reynt. Einnig þarf að nefna að viðmælendur eru allir kennarar í skólum á landsbyggðinni og því er ómögulegt að alhæfa yfir á stærra þýði út frá frásögnum þeirra þótt verulega áhugavert sé að kynnast viðhorfum svo reyndra kennara. Magnús og Snorri koma úr skólum þar sem mikil áhersla er lögð á sögu en Jóhann og Óttar frá skólum þar sem minna er kennt af sögu miðað við uppsetningu námskráa.

Kennararnir hafa 5–20 ára kennslureynslu í framhaldsskólum og mikla þekkingu á námskrárgerð í sínum skólum.

Efni viðtalanna er ekki viðkvæmt á neinn hátt en ákveðið var að halda fullum trúnaði og nafnleynd við greiningu gagna. Þetta var öllum hlutaðeigandi ljóst frá upphafi. Þátttakendur fengu því dulnefni og þess var gætt að fjarlægja allar skírskotanir til skólastofnana. Þá voru nöfn á áföngum, bókum eða einstaklingum ýmist fjarlægð eða auðkennd með XXX. Rannsakandi þurfti einnig að hafa siðfræðileg atriði í huga, svo sem að erfitt getur verið að vera rannsakandi og söguáhugamaður á sama tíma. Þar skiptir mestu að rannsakandi er þeirrar skoðunar að minnkandi sögukennsla sé ekki æskileg. Þetta þurfti að hafa til hliðsjónar við rannsóknarvinnuna og gæta þess að spurningar yrðu ekki leiðandi.

Niðurstöður viðtalsrannsókna

Í þessum kafla verða niðurstöður viðtala greindar eftir þemum. Fyrsta þemað er stytting náms til stúdentsprófs og viðhorf sögukennara til hennar. Sá kafla hefur takmarkaða tengingu við sögukennslu og segir lítið um stöðu sögunnar í framhaldsskólum, en áhugavert er að athuga viðhorf kennara til styttingarinnar. Þetta leiðir svo að næsta þema sem er viðhorf sögukennara til stöðu sögunnar í framhaldsskólum. Það leiðir loks að síðasta þemanu sem er viðhorf sögukennara til framtíðar sögunnar sem námsgreinar í framhaldsskólum og hvaða sýn þeir hafa til hennar.¹

Stytting náms til stúdentsprófs

Þrjár af fjórum viðmælendum eru sammála um að tekist hafi frekar illa til með framkvæmdina á styttingu náms til stúdentsprófs. Magnús segir að kennarar freistist til að þjappa of miklu efni inn í hvern áfanga þar sem það sé sameiginlegur skilningur og skylda kennaranna að skila nemendum vel undirbúnum til áframhaldandi náms í háskóla. Því sé „langur vegur frá að við höfum skorið þetta niður um fjórðung, eins og við hefðum kannski átt að gera“.

Viðmælendum er tíðrætt um áhrif styttingar á nemendur og hafa áhyggjur af auknu álagi sem þeir tengja við fréttir um aukið þunglyndi meðal ungs fólks. Óttar heldur að styttingin hafi almennt komið illa út og að nemendur séu verr undirbúnir fyrir háskólanám en fyrr. Jóhann segir þetta hafa haft mikil áhrif á nemendur og að stundatafla nýnema sé stöðug vinna frá átta til fjögur, auk heimalærdóms og verkefnavinnu. Hans tilfinning er sú að unglíngum líði verr en áður og að þetta sé „ekki þessi frjálsum og áhyggjulausu ár eins og það var kallað í gamla daga“ heldur full vinna. Magnús segist skynja það á nemendum sínum að álagið hafi aukist mikið:

Ég sjálfur heyri í nemendum mínum, auðvitað hef ég enga tölfræði, en ég heyri nemendur mína segja oftar að þeir séu hættir í íþróttum, hættir í tónlistarskóla, hættir í félagsstarfi, eða treysta sér ekki til að byrja í félagsstarfi ... Þetta eru raddir sem ég heyrði ekki áður meðan skólinn var fjögur ár. Ég svo sem lagði ekki fyrir neinar rannsóknir, ég get ekki komið með stöðugt. Þetta er fyrst og fremst tilfinning mín.

Óttar sér kosti og galla við aukið frelsi framhaldsskóla. Honum finnst gott að skólar þurfi ekki allir að vera eins og að þeir geti markað sér sérstöðu. Hann telur engu að síður að sú sérstaða geti sveiflast mikið og „farið eftir ákveðnum duttlungum þeirra sem ráða ferðinni, að henda þessu út og taka eitthvað annað sem öðrum finnst ekki vera nauðsynlegt“. Magnús telur þá þróun almennt góða að skólarnir hafi mikið frelsi því það auki fjölbreytileika í menntakerfinu. Hann telur „algjörlega galið að allir skólar séu steyptr í sama mót og allir nemendur þar með“. Viðmælendur eru sammála um að það þurfi að endurskoða styttingu námsins og „bakka aðeins með hana“. Óttar telur að styttingin hafi verið vanhugsað skref og að skólayfirvöld og pólitísk yfirvöld í landinu hafi látið undan „einhverjum hagsmunasamtökum sem hafa ekkert með skólamál að gera“. Hann telur rétt að endurskoða námið „og bjóða upp á fyllra og betra og innihaldsríkara

¹ Í meistararitgerð Atla Más er fjórða þemað „Markmið sögukennslu og erindi við nemendur“, en hér er ákveðið að sleppa því í takt við aðrar breytingar.

stúdentspróf“. Jóhann segir að þegar „öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta um krónur og aura“ og það hafi einungis átt að skera af framhaldsskólanum. Hann telur að hugmyndafræðin virki ekki í reynd og framhaldsskólinn skili hvorki nemendum fyrr út á vinnumarkaðinn né minnki breytingin brottfall. Snorri er hins vegar „ekkert sérstaklega uggandi“ yfir stöðunni og telur það kost fyrir nemendur að geta farið fyrr í það háskólanám sem þeir stefna að. Hann telur styttinguna góða fyrir suma nemendur en svo séu kannski aðrir sem hafa meiri áhuga á því að taka lífinu rólega.

Magnús er á þeirri skoðun að hægt sé að stytta skólagöngu ungmenna en telur að það hefði mátt gera á annan hátt og líta frekar til grunnskólans en framhaldsskólans í því efni. Af viðtölunum er ljóst að mismunandi skoðanir eru meðal kennaranna fjögurra um styttinguna. Almenn tölja þeir þó aukið frelsi skólanna gott og það þurfi ekki allir að gera það sama. Mestar áhyggjur hafa þeir af nemendum og auknu álagi hjá þeim.

Sagan í framhaldsskólum nú á dögum

Magnús og Jóhann lýsa báðir einhvers konar baráttu milli kennara um að koma áföngum að í nýja kerfinu. Jóhann segir að margir hafi sóst eftir að koma sínum greinum að í nýju námskránni og því hafi verið vissur kapphlaup á milli kennara. Magnús lýsir því þannig að þetta hafi verið eins og „á útsölu þar sem verið var að selja 65 tommu skjái á hálfvirði“. Hann segir að námsbrautir hafi verið látnar halda sér í meginatriðum frá því í gamla kerfinu. Umræðan hafi að mestu snúist um hvað ætti að vera í kjarna og hver kjörsviðin ættu að vera. Skiljanlega hafi þurft að skera eitthvað niður og það var „ekkert að öllu leyti sársaukalaust“.

Jóhann og Óttar segja svipaða sögu. Óttar telur að ein ástæða breytinganna hafi verið sú að koma þurfti nýjum áföngum að „og þeir ryðja þá bara eldri úr vegi“. Hann telur jafnframt að margar húmanísku greinanna mæti ákveðnu skilningsleysi hjá skólastjórnendum og öðrum þeim sem ráða ferðinni. Á endanum hafi skólastjórnendur mest um það að segja hvernig þetta lítur út „og þar sem ekki ríkir skilningur fyrir til dæmis heimspeki- og sögukennslu þá er ekki von á góðu“. Jóhann lýsir svipuðum viðhorfum og segir það hafa verið ákvörðun skólastjórnenda „að það væri mikilvægara að hafa aðrar greinar en sögu“ og að sérhæfing brauta hafi ráðið miklu um þá stefnu. Hann telur að hugsunin hafi líklega verið sú að sögukennsla á náttúrufræðibraut myndi skerða kennslu í náttúruvísindum. Á endanum „var þetta svo bara sett í hrærigraut og engin saga í kjarna á náttúrufræðibraut, nemendur sem útskrifast án þess að taka nokkra sögu“. Aðspurður um hvort sögukennarar hafi barist mikið gegn þessu segir Jóhann að svörin hafi verið þau að þjappa þyrfti náminu saman og það væri ekki pláss.

Ýmislegt bendir til þess að skólahefð ráði miklu. Magnús segir að sinn skóli „hafi náttúrulega alltaf gert mikið út á hefðir og sögu“ og þess vegna hafi það verið frekar auðveld ákvörðun að hafa hana í kjarna. Hann segir þó að sagan hafi misst vægi og að skyldusagan hafi verið skorin niður um helming á sumum brautum. Magnús telur jákvætt að skólinn sé með sterka söguhefð „og þess vegna höfum við eflaust náð að afstýra enn meira söguslysi, einmitt á þeim forsendum að höfða til þessarar sterku sögulegu hefðar og sögu skólans“. Snorri segir að sú hugmynd hafi komið upp hjá einum kennara við upphaf vinnu við gerð nýrrar námskrár „að leggja söguna niður“ af því hún sé kennd í mörgum greinum. Hann segir þó að ekkert stríð hafi orðið milli kennara þar sem kjarninn hafi í meginráttum fengið að halda sér og þar með söguáfangarnir.

Valáföngum í sögu virðist hafa fækkað í sumum skólum en ekki öllum. Óttar segir að styttingin hafi þau áhrif að færri nemendur séu í skólanum og það ásamt auknum fjölda námsbrauta hafi áhrif á framboð áfanga. Hann segir að þeir nemendur sem taka valáfanga í sögu séu fyrst og fremst á félagsvísindabraut en „þó sé alltaf einn og einn af öðrum brautum sem velur eitthvað sem hann hefur áhuga á“. Svigrúmið er frekar lítið og nemendur velja kannski frekar námsgrein sem þeir þekkja sem val.

Snorri segist ekki finna fyrir aukinni baráttu um valnemendur á milli ólíkra námsgreina enn sem komið er. Hann tekur þó fram að hann hafi íhugað hvort hann ætti að „auglýsa meira hvað væri verið að gera í þessum áföngum“ en fór þá að hugsa „hvort það yrði eitthvert stríð“. Jóhann og Óttar lýsa harðnandi baráttu milli kennara um nemendur í valáföngum. Óttar segir að í fyrsta lagi séu áfangar sem áður voru kenndir á hverju ári kannski aðeins í boði annað hvert ár nú. Hann segir að borið hafi á því að kennarar auglýsi sína áfanga á göngum skólans, „og þetta fór nú svolítið í taugarnar á mér, að menn séu að berjast svona fyrir sínu“. Jóhann tekur í svipaðan streng og segir að kennara langi til að kenna það sem þeir brenna fyrir en baráttan sé orðin mjög hörð og tengd persónu kennara:

Við erum að hengja upp auglýsingar eins og einhverjir ryksugusölumenn í lok annanna til að fá nemendur á næstu önn. Ég er til dæmis að kenna XXX sem er geggjað skemmtilegt að kenna, og ég hef verið heppinn að krökkum finnst gaman að koma í tíma til mín þannig að ég hef yfirleitt fengið að kenna hann, en svo eru nemendur sem hugsa: „Æ, ég nenni nú ekki að fara til hans.“ Þannig að persónudýrkun og fylgi kennara hefur mikið með þetta að segja. Ég öfunda ekki þá sögukennara í litlum skólum sem eru ekki vinsælir eða góðir kennarar. Þetta er svolítið mikið framboð og eftirspurn. Baráttan hefur harðnað rosalega. Og hún er rosa erfið hérna inni. Þetta er lítill markaður ef við tökum hugtök hagfræðinnar á þetta.

Snorri segir að námsframboð í sögu hafi haldið sér en hann sé samt farinn að finna fyrir áhrifum styttingarinnar með fækkun nemenda. Hann telur að það sem hafi bjargað sögunni í sínum skóla sé aukin áhersla á fjarnám þar sem nemendur alls staðar að af landinu sækja í skólann.

Athyglisverður punktur kom fram í viðtölunum sem snýr að framboði söguáfanga og tengist nýju vinnumati kennara. Jóhann segir að vinnumatið hafi „allt í einu spilað risastóra rullu“. Hann telur það réttmæta kröfu að nemendafjöldi skipti máli þegar kennsluhlutfall er metið en bendir á að kennari sem kenni fjóra áfanga þurfi jafn mikinn undirbúning fyrir hvern áfanga, burtséð frá fjölda nemenda. Afleiðingin er sú að byrjunaráfangar í sögu eru kannski kenndir annað hvert ár í smærri skólum til að ná lágmarkspátttöku.

Að öllu samanlögðu virðast nokkur atriði ráða því að viðmælendur telja að söguframboð sé mismunandi milli skóla og af hverju það hefur minnkað mikið í sumum þeirra. Skólahefðir, viðhorf skólastjórnenda, fækkun nemenda og minni heildarkennslutími skipta öll máli og hafa leitt til harðnandi baráttu milli kennara og námsgreina.

Framtíð sögunnar

Aðspurður um stöðu sögunnar telur Jóhann að hún hafi áður verið sterkari. Hans tilfinning er sú að lítið sé á sögu sem sérgrein í auknum mæli og að „það virðist skipta meira máli að kenna lotukerfið, fjármálalæsi og kynjafræði en sögu“. Jóhann telur jafnframt að greinin muni þróast í það að verða valfag á öðrum brautum en félagsvísindabrautum en þar megi jafnframt skoða hvort forkröfur valáfanga séu of strangar. Hann vill „ekki festa okkur of mikið í þrepum“ og telur að forsendurnar séu aðrar núna þegar grunnáfangar í sögu eru ekki skylda á öllum brautum.

Snorri hefur „ekkert pælt í því“ hvort sagan sé að breytast í valfag og segir að kjarninn „hafi verið mjög fastur hérna“. Magnús þorir ekki að segja til um hvort sagan sé að breytast í valfag en telur að þróunin þurfi ekki endilega að vera slæm. Hann segir að aðgangur að sögulegum upplýsingum sé góður og að fólk sé farið að skoða samfélög meira eins og þau eru. Hann telur jafnframt að „allar greinarnar í samkeppninni“ innihaldi mikla sögu og tekur dæmi um félagsfræði:

Stundum heitir hún stjórnmálafræði, stundum heitir hún afbrotafræði, stundum heitir hún fjölmiðlafræði. Og hvað er verið að gera í þessum fögum? Jú, oftar en ekki er verið að bakka og skoða fortíðina, það er oftar en ekki byrjað á einhverjum sögulegum aðstæðum fyrir löngu og einhver þróun skoðuð. Það er í raun bara umfjöllun um sögu með öðrum formerkjum. Þannig að ég hef ekki áhyggjur af því þótt þessi hefðbundna sögukennsla sem slík fari minnkandi.

Magnús tekur þó fram að nemendur þurfi alltaf einhverja grunnþekkingu í sögu og „auðvitað að þarf alltaf að vera eitthvert lágmark“. Jóhann er sammála því og myndi helst vilja að gömlu skylduáfangarnir yrðu settir í kjarna á öllum brautum. Hann leggur til að síðari skylduáfanginn verði valinn af þeim tveimur þar sem efnið er mun nær nútímanum og nemendur tengi betur við það. Jóhann telur einnig að það sé mjög mikilvægt tímabil því „þar liggur upphaf nútímalýðræðis og sjálfstæðisbarátta Íslendinga“.

Óttar kveðst ekki nægilega ánægður með stöðu sögunnar og nefnir dæmi um litla eða enga áherslu á námsbókagerð. Hann segir að fjármagnsskortur leiði til þess að kennarar séu „að neyðast til að nota námsbók sem þeir eru ekki ánægðir með“. Óttar er sammála Jóhanni um að leggja áherslu á sögu sem er nær í tíma. Hann segist vilja breyta þessu þannig að söguáfangarnir verði líkari þeim sem voru fyrir tuttugu árum þegar áherslan í grunnáföngum var á Íslandssögu.

Óttar er sammála Jóhanni um að sagan geti verið að þróast yfir í valfag og minnir á mótmæli kennara vegna of lítillar sögukennslu í gamla kerfinu þegar skylduáfangarnir voru tveir. Honum finnst „mikil afturför að það sé búið að henda henni út úr kjarna á mörgum stúdentsbrautum, það er verulega slæmt“. Óttar tekur síðan enn sterkar til orða og telur það „ekkert minna en hneyksli“ að skólar séu að útskrifa nemendur án nokkurrar sögukennslu.

Það má greina ákveðin líkindi með viðmælendum tveimur úr skólum sem hafa dregið mikið úr skyldusögu. Þeir telja mun meiri líkur á því að sagan þróist í að verða valgrein á næstu árum heldur en kennarar í þeim tveimur skólum sem hafa verið fastheldnari á söguna.

Umræður

Viðhorf sögukennara til styttingar náms

Eins og áður hefur komið fram var allmikil umræða og skýrsluskrif um mögulega styttingu náms til stúdentsprófs allt frá upphafi tíunda áratugar síðustu aldar. Ýmislegt var talið þeirri styttingu til tekna en jafnframt rætt um nauðsynlegar forsendur þess að af henni gæti orðið. Meðal þess sem þar kom fram var að lengja yrði skólaárið samhliða fækkun námsára og samræma um leið námstíma til stúdentsprófs við það sem tíðast gerist í nágrannalöndunum, fullýrt var að brotthvarf myndi minnka og að stúdentar færu fyrr í háskólanám.

Þegar viðmælendurnir fjórir eru spurðir um álit sitt á styttingu námstímans eru þrír þeirrar skoðunar að framkvæmdin hafi að sumu leyti mistekist og nefna þeir nokkrar ástæður fyrir því. Einkum er vert að staldra við þá skoðun að styttingin hafi leitt til þess að kennarar þjappi efni saman og fari þar með hraðar yfir námsefni en áður til þess að nemendur öðlist sams konar undirbúning fyrir háskólanám og áður. Þessi samþjöppun hafi síðan þau áhrif að álag á nemendur hafi aukist umtalsvert.

Þótt sögukennararnir leggi áherslu á aukið námsálag á nemendur er áhugavert að bera sjónarmið þeirra saman við fyrrnefnda úttekt Verzlunarskólans á áhrifum styttingarinnar þar á bæ. Þar kemur fram að breytingin þýðir aukið álag á kennara samhliða auknu símati og nemendur gera athugasemdir við að minni tími sé fyrir félagslíf. Einn viðmælandi nefnir einnig aukið álag á kennara vegna meira námsefnis sem þurfi að fara yfir í hverri viku. Þetta eru allt áhugaverðir punktar og mikilvægt er að kanna raunáhrif fækkunar námsára á námsframboð skóla, vinnuálag á kennara og námsálag á nemendur.

Dá nefna kennararnir vaxandi þunglyndi meðal ungs fólks og þeir telja ekki ólíklegt að tengsl séu á milli meints aukins námsálags og þess. Það er ekki viðfangsefni þessarar greinar að fara ofan í saumana á þunglyndiseinkennum ungmenna og orsökum þeirra en benda má á að margir framhaldsskólar hafa brugðist við ítrekuðum mælingum sem gefa vísbendingar um þróunina með því að auka námsráðgjöf og ráða sálfræðinga til starfa innan sinna veggja eða bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu með öðrum hætti.

Einn viðmælenda hefur litlar áhyggjur af styttingu náms til stúdentsprófs en þrír vilja endurskoða námið með það að markmiði að auka gæðin. Það sjónarmið heyrðist að framhaldsskólar hefðu frekar orðið fyrir niðurskurðarhnífnum en grunnskólar vegna þess að þeir eru reknir af ríkisvaldinu og að sparnaðarsjónarmið hafi haft sitt að segja. Eðlilegra hefði verið að skoða skólastigin tvö sem eina heild og leita sameiginlegra leiða til styttingar ef hún var á annað borð talin nauðsynleg. Allir fjórir segja aukið frelsi skólanna gott og tveir þeirra telja mikilvægt að framhaldsskólar geti markað sér sérstöðu, það þurfi ekki allir að gera það sama.

Áhrif styttingar náms á sögukennslu

Í kafla um hlut sögunnar í námskrám framhaldsskóla er þáttur hennar rakinn frá árinu 1990 til dagsins í dag. Niðurstöður kaflans um söguframboð í framhaldsskólum um þessar mundir eru þær að hlutur greinarinnar hefur minnkað verulega. Þriðjungur framhaldsskóla setur söguna ekki sem skyldufag á öllum brautum og getur þannig útskrifað stúdenta sem engrar sögukennslu hafa notið og í því birtast mismunandi áherslur skóla.

Viðtölin við sögukennarana fjóra gefa ákveðnar vísbendingar um að barátta sé meðal kennara um að koma „sínunum áföngum“ að. Mat þeirra er að saga hafi þurft að lúta í lægra haldi fyrir nýjum námsgreinum, meðal annars með þeim rökum að hún sé samþætt inn í aðrar greinar og ekki þurfi að kenna hana sérstaklega. Einn viðmælenda telur að skólahefð hafi bjargað því að sagan hafi ekki verið skorin alveg niður. Þessi atriði gefa ákveðnar vísbendingar um svör við spurningunni um af hverju sumir skólar velja að hafa sögu sem skyldufag. Skólahefð, skilningur og/eða skilningsleysi á eðli og mikilvægi námsgreinarinnar virðist skipta mestu máli.

Önnur rannsóknarspurning laut að því hvort sagan væri að breytast í valfag í framhaldsskólum. Í fyrrnefndum kafla um hlut sögunnar í framhaldsskólum er minnst á umræður um sögu sem námsgrein í aðalnámskrá 1999. Þar lýsir Margrét Gestsdóttir (2001, bls. 137) þeirri skoðun að litið sé á sögu sem sérgrein sem „eigi einkum erindi til þeirra sem ætla að sérhæfa sig í samfélagsfræðum“. Fleiri vísbendingar í sömu átt eru í yfirliti um söguframboð í framhaldsskólum 2018–2019. Þar er bent á að sagan sé skyldufag á öllum félagsvísindabrautum. Hlutur hennar hefur víða minnkað töluvert og langmest á nýju opnu brautunum þar sem innan við helmingur skóla er með skyldusögu á þeim. Hér skal minnt á að sérhæfðar brautir eins og myndlistar- og tónlistarbrautir leggja mikla áherslu á sögu sem tengist þeim námsgreinum sem þar eru aðallega kenndar og ýtir það undir tilgátu Margrétar. Athyglisvert er að skoða ummæli viðmælenda í þessu samhengi en þeir eru sammála um að baráttan hafi hardnað um nemendur. Það er í takt við þá þróun sem nefnd hefur verið um vaxandi markaðshyggju innan skóla. Vísbendingar eru þar með um að sögukennarar þurfi að reiða sig enn frekar á vinsældir sínar en fyrr.

Viðtölin við sögukennarana fjóra benda til þess að fækkun nemenda hafi bein áhrif á námsframboð í sögu í þeim skólum sem þeir starfa við. Einn þeirra talar um hvernig fækkunin hafi leitt til fámennari söguáfangi en nefnir að sterk staða fjarnáms haldi þeim á floti. Annar talar um hvernig nýtt vinnumat hafi dregið verulega úr sögukennslu og hvernig litlir skólar lendi í töluverðum vandræðum með að fullmanna áfanga og þar með kennsluskyldu kennara. Í skóla hans eru skylduáfangar í sögu einungis kenndir annað hvert ár og hefur því dregið verulega úr framboði. Fróðlegt er að bera þetta saman við hugleiðingar Jóns Árna Friðjónssonar (2013, bls. 212) um að skólastjórnendur hafi áður þurft að finna leiðir til að skipta verkefnum milli kennara sem hafi svo stýrt valáföngum á námsbrautum.

Viðtölin benda til þess að skólastjórnendur ráði miklu um hvað og hversu mikið sé kennt af sögu í þeim skólum þar sem söguhefðin er ekki sterk. Það vekur spurningar um sjálfstæði einstakra námsgreina, ekki bara sögunnar, innan þeirra skóla. Vel má hugsa sér að rekstur minni skóla knýi stjórnendur til þess að hugsa fyrst um krónur og aura og þá getur verið freistandi að sleppa því að ráða sérhæfða fagkennara.

Í framhaldi af þessum hugleiðingum um vald skólastjórnenda við námskrárgerð má velta fyrir sér hvort *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011* þrengi beinlínis að námsgreinum utan kjarna. Áður hefur verið rætt um aukið sjálfstæði skóla til námskrárgerðar og áherslur á lokamarkmið náms í stað námsgreina. Í viðtölunum eru vísbendingar um að einhverjir skólar hafi búið til nýja áfanga til að uppfylla skilyrði grunnþáttanna sex og sumir skólar hafa búið til þverfaglega áfanga sem er beinlínis hægt að tengja við grunnþætti nýrrar aðalnámskrár. Velta má því fyrir sér hvort þetta leiði til þess að öðrum áföngum, til dæmis sögu, sé hent út í staðinn.

Viðmælendur eru misbjartsýnir á framtíð sögunnar sem náms- og kennslugreinar og enn má greina líkindi meðal kennara úr skólum án skyldusögu á öllum brautum. Báðir eru þeir sammála um að sögukennsla geti þróast meira sem valfag og orðið sérgrein á sérhæfðum brautum en telja það slæma þróun að nemendur útskrifist án nokkurs sögunáms. Viðmælendur úr skólum þar sem meiri áhersla er lögð á sögu hafa lítið hugsað út í þetta en allir fjórir eru þeir sammála um að einhver sögukjarni verði að vera til staðar á öllum brautum.

Meginrannsóknarspurningin sem lagt var upp með sneri að stöðu sögunnar í framhaldsskólum. Niðurstaðan er ljóslega sú að sterkar vísbendingar eru um að staða greinarinnar hafi veikst verulega í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs. Endurskoðun námsbrauta og fækkun nemenda í framhaldsskólum getur jafnvel dregið enn frekar úr framboði söguáfanga og þar með á sögukennslu. Hafa ber í huga að þetta getur hæglega átt við fleiri námsgreinar og full ástæða er til þess að hafa augun opin fyrir frekari rannsóknum á þessu sviði.

Áhugavert er að viðmælendurnir fjórir voru fremur lítið meðvitaðir um söguframboð í öðrum skólum en sínum eigin. Það gefur til kynna að skortur sé á almennri umræðu meðal sögukennara um stöðu greinar sinnar á landsvísi. Um það hvort sú er raunin skal ekki fullyrt en ástæða er til þess að hvetja þá sem aðra framhaldsskólakennara til þess að fylgjast vel með áframhaldandi þróun námskráa innan sem utan þeirra veggja sem þeir lifa og hrærast að jafnaði í.

Niðurlag

Hér hefur verið reynt að gefa yfirlit um núverandi stöðu námsgreinarinnar sögu í íslenskum framhaldsskólum og hvernig hún hefur breyst í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs. Þegar verkefni sem þetta er unnið er líklegt að eitthvað komi á óvart og til dæmis er athyglisvert hvað sögukennararnir fjórir hafa mismunandi skoðanir á styttingu námsins og svara hispurslaust hvað það varðar.

Rannsókn eins og þessi hefur þó ýmsar takmarkanir. Ástæðulaust er að ætla annað en að gagnaleit á heimasíðum skóla og Menntamálastofnunar gefi eins rétta mynd og unnt er að ætlast til. Úrtak viðtalsrannsóknar er hins vegar lítið og tók eingöngu til sögukennara sem hafa, eðli málsins samkvæmt, ákveðna afstöðu til viðfangsefnisins. Þeir sem rætt var við koma úr skólum með ólíkar áherslur en svör þeirra hafa ákveðinn samhljóm þótt ekki verði dregnar af þeim víðtækar ályktanir. Loks er þessi rannsókn fyrst og fremst takmörkuð við skilgreinda söguáfanga í skólanámskrám og ekki er tekið tillit til mögulegra söguáherslna í öðrum námsgreinum.

Augljóst er að samþjöppun á námi getur og hefur leitt til þess að ákveðnar námsgreinar verða fyrir niðurskurði. Framhaldsskólar munu halda áfram að þróa námskrár sínar og líklegt er að einhverjar þeirra námsbrauta sem nú eru skilgreindar verði endurskoðaðar innan tíðar. Höfundar leggja ekki fram neinar tillögur að breytingum en vonast eftir að góð og innihaldsrík umræða fari fram um framtíð námsgreinarinnar sögu í framhaldsskólum landsins.

Status of history in Icelandic upper secondary schools

The topic of this article is the current status of history education in Icelandic upper secondary schools (ages 16–19), following changes in curricula and the compression of education time down to three years from four for the matriculation examination. The school administrations issue school curricula and have more freedom than before when compiling study programme descriptions. No research is currently available with pure focus on history education and the impact of reduced study time on teachers, students and courses. The topic was researched in the context of a scholarly discussion on history education with Icelandic and foreign participants, as well as a historical overview of discourse on the matter of compression. Special emphasis is placed on history in Icelandic curricula and overviews of different curricula are presented.

The research is presented in two parts. The former part is an overview of the current status of history in study programmes. The 31 schools were divided into two groups, those with history included in all programmes and those where students can complete their matriculation examination without attending any history courses. For more comprehensive results, the schools were also divided by area and different study programmes. The latter part of the study comprises interviews with four history teachers, two from each group. Here, the goal is to explain different emphasis between schools on history education and reasons for its changing status. The findings were analysed using qualitative methods and three themes were put forward: Compression of education time and teachers' attitude towards this; the status of history education in upper secondary schools; and the future of history as a subject and teachers' vision in this regard. These themes were also discussed in the context of the former part of the research.

The main findings are that the extent of history education has declined following changes in curricula and the curtailment of education period at upper secondary school level. One out of three upper secondary schools does not include history courses in all its study programmes. The supply of courses differs greatly between schools and the comparison between study programmes reveals notable results. History is compulsory in all programmes emphasising humanities and languages but has declined in other programmes. The extent of compulsory history has declined most in new “open” study programmes, where students have more variety when selecting courses only half of which are mandatory. The interviewees' views of the curtailed curriculum are generally negative and most want to take a step back. Their perception is that teachers compress the original material into fewer subjects with the aim of graduating as knowledgeable students as before. This may adversely affect students, who teachers feel are under much more stress than before and which may have a negative effect on their mental health. The interviews indicate a difference between schools where history is cut back. One reason mentioned by interviewees is that fewer students are now in upper secondary schools which appears to have a direct effect on the supply of history education. School administrations and school traditions seem to strongly influence the choice of subjects on offer and this research indicates that history is turning into an optional subject in many schools and often designated as belonging to specialized study programmes. This can raise questions on the status of other subjects in different schools and whether new curricula can adversely affect other than core subjects. This research indicates lack of general dialogue on the status of history education in upper secondary schools and it is to be hoped that teachers and others can have an open discussion on the future of history education as well as how the implementation of cutbacks in secondary education has turned out.

Key words: Upper secondary schools, history teaching, compressed education time

Um höfundana

Atli Már Sigmarsson (atlisigmars@gmail.com) hefur lokið B.A.-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands og M.Ed.-prófi í menntunarfræði frá Háskólanum á Akureyri. Hann er með leyfisbréf til framhaldsskólakennslu en vinnur hjá Alcoa Fjarðaáli og hefur m.a. kennt í stóriðjuskóla fyrirtækisins.

Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is) er prófessor í sagnfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hann er með cand. mag.-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og nám til kennsluréttinda frá sama skóla. Hann er með leyfisbréf sem framhaldsskólakennari og þrettán ára starfsreynslu sem slíkur. Bragi hefur unnið að ytra mati á rúmlega tuttugu íslenskum framhaldsskólum. Rannsóknir hans á seinni árum hafa aðallega beinst að notkun grenndaraðferðar við kennslu og íslenskri skólasögu.

About the authors

Atli Már Sigmarsson (atlisigmars@gmail.com) holds a B.A. degree in History from the University of Iceland and an M.Ed. degree in Educational Studies from the University of Akureyri. He is also a licensed Upper Secondary School Teacher. He currently works at Alcoa's Fjarðaál Aluminium Smelter, where he has taught at the company's industrial training facility.

Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is) is Professor of History at the School of Humanities and Social Sciences at the University of Akureyri. He holds a Cand. Mag. degree in History and a Postgraduate Diploma in Teaching from the University of Iceland. He is a licensed Upper Secondary School Teacher and worked in that field for thirteen years. Bragi has been an external examiner of more than twenty Icelandic upper secondary schools. In recent years, his research has mainly focused on the use of local studies in teaching and the history of Icelandic schools.

Heimildir

- Atli Harðarson. (2012). Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskráfræði. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 71–89.
- Atli Már Sigmarsson. (2019). *Staða sögunnar í framhaldsskólum. Námsframboð og viðhorf sögukennara í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs* (óútgefin meistara ritgerð). Akureyri: Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.
- Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Fleiri vindar blása. Viðhorf reyndra framhaldsskólakennara til breytinga í skólastarfi 1986–2012. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/006.pdf>
- Creswell, J. W. (2019). *Educational research. Planning, conducting, and evaluating quantitative and qualitative research*. New Jersey: Pearson.
- Jón Árni Friðjónsson. (2013). *Skólabókasagan: Um sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum 1946–1996* (doktorsritgerð). Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Kolbrún Soffía Arnfinnsdóttir. (2016). *Hinn gleymdi heimur sögukennslunnar. Rannsókn á sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum* (óútgefin meistara ritgerð). Reykjavík: Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Margrét Gestsdóttir. (2001). Aðför eða nauðsynleg endurnýjun? *Sögukennsla í nýju ljósi. Saga*, 39, 137–168. – Sami höfundur og Súsanna Margrét Gestsdóttir, sjá síðar í þessari heimildaskrá.
- Menntamálaráðuneytið. (1990). *Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar* (3. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1994). *Nefnd um mótun menntastefnu: Skýrsla*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999b). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Samfélagsgreinar*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2003). *Skýrsla um styttingu náms til stúdentsprófs*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálastofnun. (2019). *Staðfestar námsbrautarlýsingar*. Sótt af www.mms.is/stadfestar-namsbrautalysingar
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti* [önnur útgáfa með breytingum 2015]. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Höfundur.
- Ragnar Logi Búason. (2019). „Eða svo er okkur sagt“: *Innihaldsgreining á nokkrum sögukennslubókum* (óútgefin meistara ritgerð). Akureyri: Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.
- Rúnar Már Þráinsson. (2015). *Greining á kennsluaðferðum í sögu á framhaldsskólastigi. Reynsla og viðhorf sögukennara* (óútgefin meistara ritgerð). Akureyri: Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.
- Súsanna Margrét Gestsdóttir. (2013). The challenges of history education in Iceland. *International Journal of Historical Learning, Teaching and Research*, 11(2), 98–110. Sótt af <https://www.history.org.uk/secondary/resource/6445/the-international-journal-volume-11-number-2>
- Verzlunarskóli Íslands. (2018). *Stytting námstíma til stúdentsprófs. Skýrsla 2018*. Sótt af https://www.verslo.is/media/2017/3-ara-nam_skyrsla2018.pdf
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51–66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Margvíslegar upplýsingar af heimasíðum íslenskra framhaldsskóla:

Borgarholtsskóli. Sótt af www.bhs.is
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Sótt af www.fnv.is
Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Sótt af www.fsn.is
Fjölbrautaskóli Suðurlands. Sótt af www.fsu.is
Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Sótt af www.fss.is
Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi. Sótt af www.fva.is
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Sótt af www.fb.is
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. Sótt af www.fg.is
Fjölbrautaskólinn við Ármúla. Sótt af www.fa.is
Flensborgarskólinn. Sótt af www.flensborg.is
Framhaldsskólinn á Húsavík. Sótt af www.fsh.is
Framhaldsskólinn á Laugum. Sótt af www.laugar.is
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Sótt af www.fas.is
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Sótt af www.fmos.is
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Sótt af www.fiv.is
Kvennaskólinn í Reykjavík. Sótt af www.kvenno.is
Menntaskóli Borgarfjarðar. Sótt af www.menntaborg.is
Menntaskóli í tónlist. Sótt af www.menton.is
Menntaskólinn að Laugarvatni. Sótt af www.ml.is
Menntaskólinn á Akureyri. Sótt af www.ma.is
Menntaskólinn á Egilsstöðum. Sótt af www.me.is
Menntaskólinn á Ísafirði. Sótt af www.misa.is
Menntaskólinn á Tröllaskaga. Sótt af www.mtr.is
Menntaskólinn í Kópavogi. Sótt af www.mk.is
Menntaskólinn í Reykjavík. Sótt af www.mr.is
Menntaskólinn við Hamrahlíð. Sótt af www.mh.is
Menntaskólinn við Sund. Sótt af www.msund.is
Tækniskólinn. Sótt af www.tskoli.is
Verkmenntaskóli Austurlands. Sótt af www.va.is
Verkmenntaskólinn á Akureyri. Sótt af www.vma.is
Verzlunarskóli Íslands. Sótt af www.verslo.is



Atli Már Sigmarsson og Bragi Guðmundsson. (2019).
Staða sögunnar í framhaldsskólum
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2019/menntakvika_2019/01.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.45>